

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. nóvember 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (umsáturseinelti), 132. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Ákærendafélagi Íslands til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (umsáturseinelti).

Um er að ræða nýtt ákvæði í hegningarlögunum sem tekur á háttsemi sem er ekki endilega refsiverð samkvæmt núgildandi lögum en verður refsiverð sé hún endurtekin og til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða þess sem fyrir henni verður. Ákærendafélag Íslands telur það framfaraskref að sérstakt ákvæði um umsáturseinelti komi inn í hegningarlögin og telur að því hafi verið fundinn réttur staður innan laganna. Ákvæðið er til þess fallið að styrkja friðhelgi einstaklinga gagnvart hvers konar endurteknu áreiti sem er til þess fallið að valda þeim hræðslu eða kvíða og verður ekki lengur nauðsynlegt að beita fyrst nálgunarbanni í slíkum tilfellum en Ákærendafélag Íslands telur að því kunni þó oft að vera beitt samhliða. Þannig getur kæra á broti er varðar umsáturseinelti styrkt ákvörðun um nálgunarbann og aukið réttarvernd þeirra sem fyrir slíku áreiti verða.

F.h. Ákærendafélags Íslands

Dagmar Ösp Vésteinsdóttir, formaður